

Geirfugl ehf.
Kt. 600208-1950
Heimilisfang [...]

27. október 2025
Tilv.2025-06-02-0566

Efni: Svipting strandveiðileyfis. Eignarhald. Lögskráning. Hafgeir ST-050 (7871)

Fiskistofa hefur lokið athugun í máli er varðar ætluð brot skipstjóra og eftir atvikum útgerð fiskiskipsins Hafgeir ST-050, skipaskrárnúmer 7871, í fimm (5) strandveiðiferðum árið 2025, gegn lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, lögum um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 og reglugerð um strandveiðar nr. 460/2024.

I. Málsvæði

Fiskistofa veitti fiskiskipinu Hafgeir ST-050 (7871) strandveiðileyfi sem tók gildi þann 5.5.2025. Þann 19.5.2025 var eftirlitsmaður við eftirlit í Norðurfirði þegar Hafgeir ST-050 (7871) kom til löndunar, og var A, kt. [...], lögskráður og einn um borð. Samkvæmt skráningu í skipaskráningar- og lögskráningarkerfi Samgöngustofu er Geirfugl ehf., kt. 600208-1950, eini eigandi skipsins. Samkvæmt skráningu raunverulegra eigenda hjá fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra þann 19.5.2025 var A 49% eigandi lögaðilans, og var B, kt. [...], skráður 51% eigandi. A sagði B hafa verið veikan þennan dag.

Samkvæmt skráningu í skipaskráningar- og lögskráningarkerfi Samgöngustofu var A einn lögskráður um borð frá 19.5.2025 til 29.5.2025. Á því tímabili fór Hafgeir ST-505 (7871) í fimm strandveiðiferðir þar sem afli skipsins var eftirfarandi:

Dags.	Þorskur
19. maí	679
20. maí	779
21. maí	771
22. maí	777
28. maí	770
Samtals	3.776

II. Lagagrundvöllur

Um strandveiðar er fjallað í 6. gr. a laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og reglugerð um strandveiðar nr. 460/2024, sem breytt var með reglugerð nr. 385/2025, sbr. 11. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006. Samkvæmt 11. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006 er ráðherra heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd strandveiða, m.a. nánari skilyrði um eignarhald.

Í 3. málsl. 3. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006 segir að eigandi fiskiskips skuli vera lögskráður á skipið. Í 3. og 4. málsl. 4. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 460/2024 kemur eftirfarandi fram: „Um borð í hverri strandveiðiferð skal vera einn einstaklingur sem er lögskráður á skipið og á að lágmarki beint eða óbeint í gegnum lögaðila meira en 50% eignarhlut í skipinu. Eignarhald skips ræðst af skráningu í skipaskrá Samgöngustofu og eignarhald lögaðila miðast við skráningu raunverulegs eiganda hjá fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra.“

Strandveiðar eru auk þess m.a. bundnar eftirfarandi skilyrðum sem fram koma í 6. tölul. 5. gr. reglugerðar um strandveiðar: Eigandi fiskiskips skal vera skráður eigandi skipsins í skipaskrá Samgöngustofu og lögskráður á skipið.“

Óheimilt er skipstjóra að halda úr höfn nema allir skipverjar hafi verið lögskráðir á skipið, skv. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 82/2022 um áhafnir skipa.

Brot gegn lögum nr. 116/2006 og reglugerð nr. 460/2024 geta varðað stjórnsýsluviðurlögum, þ.e. sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni, eða eftir atvikum leyfi til strandveiða, skv. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 eða skriflegri áminningu, skv. 3. mgr. 15. gr. sömu laga, sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006.

III. Niðurstaða og rökstuðningur

Aðili sá sem á meira en 50% eignarhlut í lögaðilanum Geirfugl ehf. var ekki lögskráður um borð í strandveiðiferðum Hafgeirs ST-050 (7871) dagana 19., 20., 21., 22. og 28. maí 2025, sem felur í sér brot gegn 3. og 4. málsl. 4. mgr. 3. gr. og 6. tölul. 5. gr. reglugerðar nr. 460/2024, sbr. 3. málsl. 3. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006. Málsatvik byggja á hlutlægum gögnum úr opinberum skrá, þ.e. skipaskráningar- og lögskráningarkerfi Samgöngustofu og skráningu raunverulegra eigenda hjá fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra, sem eiganda skips og skipstjóra ber lagaskylda til að tryggja að séu réttar. Að mati Fiskistofu er málið því nægilega upplýst og atvik og staðreyndir málsins, sem þýðingu hafa að lögum, teljast sönnuð.

Fiskistofa skal veita áminningar og svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni ef útgerð eða áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa hafa brotið gegn ákvæðum laganna eða reglum settum samkvæmt þeim. Við fyrsta brot sem varðar sviptingu veiðileyfis skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur, eftir eðli og umfangi brots. Við

Ítrekuð brot skal svipting ekki standa skemur en fjórar vikur og ekki lengur en eitt ár, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996, sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006 og 6. gr. reglugerðar nr. 460/2024. Við mat á því hvort um minniháttar brot sé að ræða er m.a. litið til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi.

Við mat á því hvaða hagsmunum brotin ógna er litið til markmiða laga um stjórn fiskveiða og einnig ákvæðis 6. gr. a laga um strandveiðar nr. 116/2006. Strandveiðar hófust fyrst vorið 2009 með heimild til veiðanna í bráðabirgðaskyni. Ári seinna var heimild til strandveiða lögfest í 6. gr. a laga um stjórn fiskveiða. Þá var kveðið á um að útgerð í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila, væri einungis heimilt að fá leyfi til strandveiða fyrir eitt fiskiskip. Í athugasemdum með frumvarpi því er breytti lögum um stjórn fiskveiða, lög nr. 32/2010, er tilgreint að sjónarmiðin að baki þessari takmörkun séu að sem flestum væri gert mögulegt að stunda frjálsar veiðar með ströndinni á sjálfbæran hátt. Með breytingarlögum nr. 70/2011 var ákvæðið takmarkað enn frekar þannig að útgerð, *eigandi*, einstaklingur eða lögaðili, væri einungis heimilt að fá leyfi fyrir eitt fiskiskip. Þar að auki var gerð krafa um að eigandi fiskiskips skyldi vera lögskráður á skipið. Framangreindar takmarkanir hafa það að markmiði að tryggja rétt einstaklinga til að stunda veiðarnar. Við lestur ákvæða er lúta að leyfisveitingu, eignarhaldi og þeirri kröfu að eigandi skuli vera lögskráður um borð, er ljóst að ætlast er til þess að eigandi skips stundi sjálfur veiðarnar. Fjárhagslegur ávinningur felst í því að strandveiðileyfi veitir aðgang að fiskveiðiauðlindinni og heimild til að veiða allt að 650 þorskígildi (ÞÍG) fjóra daga vikunnar í fjóra mánuði, eða þar til það aflamagn sem ráðstafað var til strandveiða klárast. Gerð er krafa til þeirra sem stunda veiðarnar að þekkja þær reglur sem gilda um veiðarnar á hverjum tíma og sjá til þess að framkvæmd veiðanna brjóti ekki í bága við þær.

Samkvæmt opinberum gögnum var sá aðili sem á meira en 50% eignarhlut í Hafgeir ST-505 (7871) ekki lögskráður um borð í fimm strandveiðiferðum skipsins af 30 veiðiferðum skipsins á strandveiðivertíðinni árið 2025. Samanlagður óslægður afli skipsins þá daga var 3.776 ÞÍG, sem tekin var úr strandveiðipottinum án þess að uppfylla skilyrði um að eigandi meira en 50% eignarhlut væri um borð. Téðar veiðiferðir skipsins fóru því gegn þeim markmiðum sem reglum um strandveiðar er ætlað að vernda. Sé litið til framangreinds afla og þeirra veiðiferða, teljast brotin meiriháttar í skilningi laga um stjórn fiskveiða. Að þessu virtu og með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnsýsluréttarins þykja hæfileg viðurlög vera svipting leyfis til strandveiða í tvær vikur. Engin fyrri brot hafa ítrekunaráhrif við ákvörðun viðurlaga í máli þessu.

Fiskistofa sviptir hér með fiskiskipið Hafgeir ST-050, skipaskrárnúmer 7871, leyfi til strandveiða í tvær vikur (14 daga) frá og með gildistöku næsta strandveiðileyfis bundið við skipið, skv. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996, sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006, vegna brota

gegn 3. og 4. másl. 4. mgr. 3. gr. og 6. tölul. 5. gr. reglugerðar nr. 460/2024, sbr. 3. másl. 3. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006. Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár samkvæmt 19. gr. laga nr. 57/1996, sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006.

Kæruheimild

Ákvörðun þessa má kæra til atvinnuvegaráðuneytisins, Borgartúni 26, 4. hæð, 105 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því að hún barst málsaðila, skv. 24. gr. laga nr. 116/2006 og 18. gr. laga nr. 57/1996. Skal það gert skriflega eða með tölvupósti á netfangið atrn@atrn.is. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar.

